

Nd.

155. Nefndarátt

um frv. til sveitarstjórnarlaga.

Frá allsherjarnefnd.

Frv. þetta, sem lagt var fyrir háttv. Ed. og sætti litilbáttar breytingu þar, hefir nefndin athugað.

Enda þótt þetta frv. sje í öllum aðalatriðum eins og gildandi lög, þá álitur nefndin, að þær breytingar, sem frv. fer fram á, sjeu fremur til bóta.

Um ákvæði 3. gr., um að skifta hreppi, sameina hreppa og breyta hreppamörkum, vill nefndin taka það fram, að hún telur að enga slíka breyting megi gera, nema allar hreppsnefndir þær, er hlut eiga að máli, sjeu breytingunni samþykkar.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 10. mars 1927.

Jörundur Brynjólfsson, Hjeðinn Valdimarsson.
form. og frsm.
Árni Jónsson. Jón Guðnason, Jón Kjartansson.
fundaskrifari.